



## AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 14/2011.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 17. janúar 2011 skulu reglur Flugmálastjórnar Íslands um framlengingu á hámarksgangtíma hreyfla léttra flugvéla (ICAA Requirements on Light Aircraft Piston Engine TBO) taka gildi gagnvart eigendum og umráðendum íslenskra flugvéla.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 17. janúar 2011.

  
  
Pétur K. Maack, Flugmálastjóri.